

# Uppbyggingarsjóður Suðurnesja



Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hefur úthlutað styrkjum fyrir árið 2022. Auglýst var eftir styrkumsóknum í október sl. Umsóknir sem bárust voru samtals 52 talsins og hljóðuðu styrkbeiðnir upp á rúmlega 146 milljónir króna. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs úthlutar nú 45.000.000 til 30 verkefna.

Skiptingin milla flokka er með þessum hætti:

Stofn og rekstur fá úthlutað 3.700.000. kr.

Menning og listir fá úthlutað 17.800.000. kr.

Atvinnu- og nýsköpun fær úthlutað 21.500.000. kr.

Menningarverkefnið Ferskir Vindar er með þriggja ára samning og fær nú úthlutað þriðja árið af samningnum eða kr. 2.000.000. kr.

## Eftirtalin verkefni hlutu styrk.

**Nr. 1. Óskabrunnarnir þrír í Innri Njarðvík. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Gunnar Ellert Geirsson. Flokkur: Stofn og rekstur.**

Verkefnið snýst um að þrír brunnar munu verða lagfærðir og gerðir aðgengilegir með göngustígum úr náttúrugrjóti sem mun falla að útliti og hleðslutækni brunnana. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.700.000.**

**Nr. 2. Verzlun Þorláks Benediktssonar Akurhúsum. Umsækjandi: Suðurnesjabær verkefnastjóri: Margrét I. Ásgeirsdóttir. Flokkur: Stofn og rekstur**

Verkefnið lýtur að því að gera upp Verzlun Þorláks Benediktssonar, sem var í rekstri að Akurhúsum í Garði frá 1921-1972, og gera aðgengilega gestum að nýju. Að kynna íbúum og gestum verzlunar- og atvinnusögu í Garði og Sandgerði frá fyrri tíð. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 3. Uppbygging á Bakka - áframhaldandi innanhús #3. Umsækjandi: Minja- og sögufélag Grindavíkur. Verkefnastjóri: Marta Karlsdóttir. Flokkur: Stofn og rekstur.**

Helstu markmið verkefnisins er að byggja upp innviði Bakka. Koma því í gott stand svo hægt sé að opna það sem safn. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**



**Nr. 4. Merking gamalla húsa í Garðinum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Ásgeir Magnús Hjálmarsson. Flokkur: Menning.**

Verkefnið snýst um að varðveita og skrásetja sögu gamalla húsa í sveitarfélaginu Garði í Suðurnesjabæ. Mikilvægt er að vernda þá sögu og kynna hana fyrir komandi kynslóðum og íbúum í sveitarfélaginu ásamt ferðamönnum sem heimsækja Garðinn. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.800.000.**

**Nr. 5. Jazzfélag Suðurnesjabæjar – tónleikaröð. Umsækjandi og verkefnastjóri: Halldór Lárusson. Flokkur: Menning.**

Verkefnið snýst um að efla menningarlíf í Suðurnesjabæ og á Suðurnesjum. Styðja við og styrkja íslenskt tónlistarlíf og tónlistarmenntun á Suðurnesjum. Skapa vettvang fyrir ungt og upprennandi tónlistarfólk til að koma fram sem og reyndara tónlistarfólk. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800.000.**

**Nr. 6. Kynning á bókmenntaarfinum. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Stefanía Gunnarsdóttir. Flokkur: Menning.**

Markmið verkefnisins er að kynna bókmenntaarfinn, minna á gamla og góða höfunda og bókmenntaverk, kynna yngri höfunda og verk þeirra, leggja áherslu á læsi og mikilvægi lesturs og auka með því þekkingu almennings á bókmenntum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700.000.**

**Nr. 7. Safnahelgi á Suðurnesjum. Umsækjandi: Grindavíkurbær. Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson. Flokkur: Menning.**

Markmiðið er fyrst og fremst að vekja athygli landsmanna á metnaðarfullu safna- og menningarstarfi á Suðurnesjum með því að bjóða ókeypis aðgang að helstu söfnum og setrum á svæðinu. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3.000.000 í þrjú ár. Samtals kr. 9.000.000.**

**Nr. 8. Barnamenning í Reykjanesbæ. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis. Flokkur: Menning.**

Verkefnið lýtur að því að skapa vettvang fyrir fjölskyldur á Suðurnesjum til að njóta listsköpunar barna með skemmtilegum viðburðum og sýningarhaldi, þeim að kostnaðarlausu. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**



**Nr. 9. Eldgosið í Fagradalsfjalli. Umsækjandi og verkefnastjóri: Jón Rúnar Hilmarsson  
Flokkur: Menning.**

Heimildarmynd um eldgosið í Fagradalsfjalli frá því að það hófst og þangað til því lauk. Í myndinni verður fléttað saman myndefni og viðtölum við ýmsa aðila. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800.000.**

**Nr. 10. Sálmaskáldið sr. Hallgrímur Pétursson. Umsækjandi: Margrét Tómasdóttir.  
Verkefnastjóri: Dr. Daníel Ólason. Flokkur: Menning.**

Verkefnið snýst um að koma upp sýningu á Hvalsnesi sem kynni og segi merka sögu sr. Hallgríms Péturssonar sálmaskálds og Guðríðar Símonardóttur (Tyrkja -Guddu) eiginkonu hans. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.300.000.**

**Nr. 11. Graffiti veggur. Umsækjandi og verkefnastjóri: Lína Rut Wilberg. Flokkur: Menning.**

Markmið verkefnis er að byggja upp ævintýraveröld tengd minni list. Graffitti veggur er einn liður af mörgum í því. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 300.000.**

**Nr. 12. Íslenska Bítlið í Stórsveitarstíl. Umsækjandi: Stórsveit Íslands. Verkefnastjóri: Eggert Björgvinsson. Flokkur: Menning.**

Verkefnið lýtur að því að viðhalda þeim menningararfi sem við eigum á Íslandi. Talið er að verkefnið hafi talsvert menningarlegt gildi. Útsett verða þekkt lög frá því tímabili sem oft er kallað Keflvíska Bítlið. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 13. Suður með sjó. Umsækjandi og verkefnastjóri: Páll Ketilsson. Flokkur: Menning.**

Með sýningu sjónvarpspáttanna Suður með sjó er verið að vekja athygli á fjölbreyttu mannlífi í sinni víðustu mynd á Suðurnesjum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 14. Tónleikaröð í Hvalsneskirkju. Umsækjand og verkefnastjóri: Magnea Tómasdóttir.  
Flokkur: Menning**

Tónleikaröðin, Tónar í Hvalsneskirkju, eru tónleikar þar sem fremstu listamenn klassískrar tónlistar koma fram. Haldnir verða fimm tónleikar. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800.000.**

# Uppbyggingarsjóður Suðurnesja



**Nr. 15. Mozart Requiem. Umsækjandi og verkefnastjóri: Jóhann Smári Sævarsson. Flokkur: Menning .**

Norðuróp í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og DansKompaní flytja sálumessu Mozarts. Mozart Requiem er kórverk fyrir kór, sinfoníuhljómsveit og fjóra einsöngvara, yfirleit flutt í stórrí kirkju. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.1.500.000.**

**Nr. 16. Stelpur filma á landsbyggðinni! Umsækjandi og verkefnastjóri: Inga Margrét Flokkur: Menning.**

Stelpur filma á landsbyggðinni er verkefni þar sem stelpur í 8. og 9. bekk læra undirstöðuatriði í kvikmyndagerð, undir tryggri leiðsögn virtustu handritshöfunda og kvikmyndagerðakvænna landsins. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800.000.**

**Nr. 17. Vita- sjóslysasýning við Reykjanesvita. Umsækjandi: Hollvinasamtök reykjanesvita og nágrennis. Verkefnastjóri: Eiríkur P. Jörundsson. Flokkur: Menning.**

Markmið er að vekja athygli á merkri sögu Reykjanesvita og sjóslysa sem voru ástæða þess að viti var reistur á þessum stað árið 1878 og var fyrsti viti landsins. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.1.000.000.**

**Nr. 18. Líð ég burt frá landi. Umsækjandi og verkefnastjóri: Berta Dröfn Ómarsdóttir. Flokkur: Menning.**

Tónleikar í Grindavíkirkirkju með frumsömdum lögum og textum eftir Kristínu Matthíasdóttur, í útsetningu Bertu Drafnar. Grindavíkurdætur sjá um tónlistarflutninginn undir stjórn Bertu við meðleik Ingunnar Hildar Hauksdóttur píanóleikara. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 19. Samstarf Listasafns Reykjanesbæjar og Listaháskóla Íslands. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Helga Þórsdóttir. Flokkur: Menning.**

Markmið verkefnisins er að kynna Listasafn Reykjanesbæjar fyrir nýrri kynslóð sem starfar innan listgreina á Íslandi. Eins ætti sýning meistaránema í sýningagerð að vekja áhuga meðal almennra sýningargesta bæði úr nærumhverfi safnsins og af höfuðborgarsvæðinu. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500.000.**



**Nr. 20. Óperuballett fyrir börn um Jólasveinana þrettán - tónsmíð. Umsækjandi og verkefnastjóri: Alexandra Chernyshova. Flokkur: Menning.**

Óperuballett fjallar um íslensku Jólasveinana þrettán, fyrir börn og fullorðna og verður í tveimur þáttum. Óperan verður samin fyrir óperu einsöngvarar, ballett dansarar, kór og hljómsveit. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500.000.**

**Nr. 21. Grindavíkurskip - tíróinn áttæringur með grindavíkurlagi. Umsækjandi: Óskar Sævarsson. Verkefnastjóri: Ólafur R Sigurðsson. Flokkur: Menning.**

Markmið verkefnisins er að smíða eftirlíkingu í fullri stærð af áttæringnum Geir úr Staðarhverfi, sem brann 1993 ásamt þorra bátasafns Þjóðminjasafnsins. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 22. Möguleikar á nýtingu jarðhitakísils frá Reykjanesvirkjun. Umsækjandi: GeoSilica Iceland hf. Verkefnastjóri: Burkni Pálsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun .**

Markmið verkefnisins er leita tækifærum til að skapa frekari verðmæti úr kísil og jafnvel öðrum efnum í affallsvatninu sem falla til við Reykjanesvirkjun í samstarfi við HS Orku. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2.000.000.**

**Nr. 23. Saltberg - sækera sjávarsaltflögur. Umsækjandi: Saltberg. Verkefnastjóri: Erla Sigurlaug Sigurðardóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Saltberg ætlar að framleiða umhverfisvænar handgerðar sækera sjávarflögur úr hreinum bergsíuðum íslenskum sjó. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.500.000.**



**Nr. 24. 22.10 Brugghús. Umsækjandi og verkefnastjóri: Steinþór Júlíusson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Helstu markmið þessa verkefnis er að standsetja til fulls handverksbrugghús og bar. Með því að vera í samstarfi við aðra aðila í ferðaþjónustu á svæðinu mun verkefnið gera Grindavík að eftirsóknarverðari stað til að heimsækja. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.250.000.**

**Nr. 25. GeoLab - Færanlegar rannsóknarstöðvar á Reykjanesinu. Umsækjandi og verkefnastjóri: Arnbjörn Ólafsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

GeoLab mun vinna að gerð og miðlun handbóka, leiðbeininga og verkefna til fræðslu og rannsóknarstarfsemi á Reykjanesinu. Auk þess sem verkefnið miðar að undirbúningi og hönnun á færanlegum rannsóknarstöðvum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 26. Útrás með Lífsalt úr íslenskri náttúru. Umsækjandi: Arctic Sea Minerals ehf. Verkefnastjóri: Egill Þórir Einarsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefnið snýr að hefja útrás með Lífsalt sem einstaka vöru framleidda úr íslenskum náttúrulegum hráefnum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 27. Björgunarnet Stakkur. Umsækjandi: Sæmundur Heimir Guðmundsson. Verkefnastjóri: Jón Helgason. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefnið lýtur að öryggi allra þeirra sem sækja eða vinna við jarðböð og aðra staði þar sem ekki sést til botns. Verkefnið mun einfalda leit og björgun. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 4.000.000.**



**Nr. 28. Vöruþróun og markaðssetning Litla brugghússins. Umsækjandi: Litla brugghúsið. Verkefnastjóri: Guðjónína Sæmundsdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefnið snýr að því að þróa vörulínu fyrirtækisins og gera hana heildstæða, þróa nýjar vörur, gjafapakningar og vörur tengdar brugghúsinu. Einnig markaðssetningaráætlun og markaðssetja vörur brugghússins. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.250.000.**

**Nr. 29. Öryggiskrossinn – The Safety Kross. Umsækjandi: Mannvirki og malbik ehf. Verkefnastjóri: Sigurður Ingi Kristófersson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefnið lýtur að þróun Öryggiskrossins sem er ný tegund merkinga til að loka flugbrautum og akbrautum tímabundið. Varan er hönnuð og handunnin á Suðurnesjum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 4.500.000.**

**Nr. 30. Mermaid – Geothermal Seaweed Spa. Umsækjandi: Mermaid ehf. Verkefnastjóri: Bogi Jónsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefnið lýtur að þróun á vandaðri lúxus heilsulind við sjávarsíðuna þar sem boðið verður upp á sérhæfð böð og heilsu meðferðir. Lokamarkmiðið er bygging og rekstur lúxus heilsulindar og veitingahúss. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 5.000.000.**